



Borgarráð

Erindisbréf vegna fjölnota íþróttahúss við Frostaskjól

Hjálagt erindisbréf vegna fjölnota íþróttahúss við Frostaskjól er lagt fram til kynningar.

Greinargerð:

Borgarráð samþykkti á fundi sínum 20. maí 2021 samkomulag á milli Knattspyrnufélags Reykjavíkur og Reykjavíkurborgar. Samkomulagið felur í sér uppbyggingu á lóð KR við Frostaskjól auk þátttöku borgarinnar í byggingu nýs fjölnota íþróttahúss á svæðinu með vísan til samþykktar borgarráðs þann 3. september 2020 um forgangsröðum íþróttamannvirkja sem höfð yrðu til hliðsjónar í fjárfestingaráætlun til ársins 2030. Fjölnota íþróttahús KR í Frostaskjól var eitt þeirra verkefna sem raðaðist efst í forgangsröðinni.

Á fundi borgarráðs þann 9. nóvember 2017 var samþykkt viljayfirlýsing Reykjavíkurborgar og KR um samvinnu við breytingu á deiliskipulagi á svæði KR. Í samræmi við ákvæði viljayfirlýsingarinnar hefur verið unnið að útfærslu og þróun á frumdrögum að deiliskipulagshugmyndum fyrir svæðið. Á svæðinu er gert ráð fyrir fjölnota íþróttahúsi sem mun bæta aðstöðu til alhliða íþróttaiðkunar í hverfinu með hagsmuni hverfisins í heild í fyrirrúmi. Deiliskipulag fyrir svæði KR við Frostaskjól var samþykkt í borgarráði 30. júní 2022 sbr. fsk.

Dagur B. Eggertsson
borgarstjóri

Hjálagt:

Erindisbréf vegna fjölnota íþróttahúss við Frostaskjól, drög.



ERINDISBRÉF

Bygginganefnd vegna uppbyggingar og framkvæmda við fjölnota íþróttahús við Frostaskjól

Ábyrgðarmaður:

Borgarstjórinn í Reykjavík

Forsaga:

Borgarráð samþykkti á fundi sínum 20. maí 2021 samkomulag á milli Knattspyrnufélags Reykjavíkur og Reykjavíkurborgar. Samkomulagið felur í sér uppbyggingu á lóð KR við Frostaskjól auk þátttöku borgarinnar í byggingu nýs fjölnota íþróttahúss á svæðinu með vísan til samþykktar borgarráðs þann 3. september 2020 um forgangsörðum íþróttamannvirkja sem höfð yrðu til hliðsjónar í fjárfestingaráætlun til ársins 2030. Fjölnota íþróttahús KR í Frostaskjól var eitt þeirra verkefna sem raðaðist efst í forgangsörðinni.

Á fundi borgarráðs þann 9. nóvember 2017 var samþykkt viljayfirlýsing Reykjavíkurborgar og KR um samvinnu við breytingu á deiliskipulagi á svæði KR. Í samræmi við ákvæði viljayfirlýsingarinnar hefur verið unnið að útfærslu og þróun á frumdrögum að deiliskipulagshugmyndum fyrir svæðið. Á svæðinu er gert ráð fyrir fjölnota íþróttahúsi sem mun bæta aðstöðu til alhliða íþróttaiðkunar í hverfinu með hagsmuni hverfisins í heild í fyrirrúmi. Deiliskipulag fyrir svæði KR við Frostaskjól var samþykkt í borgarráði 30. júní 2022 sbr. fsk.

Skipan:

Ósk Soffía Valtýsdóttir umhverfis- og skipulagssviði
Kristján Sigurgeirsson umhverfis- og skipulagssviði
Jón Valgeir Björnsson skrifstofu eigna og atvinnuþróunar
Árni Geir Magnússon fulltrúi KR
Páll Kristjánsson fulltrúi KR

Hlutverk og verkefni:

- Bygginganefnd lætur vinna verkefnisáætlun vegna uppbyggingar og framkvæmda við Frostaskjól sem m.a. innifelur.
 - a. Frumkostnaðaráætlun um fjárfestingar- og rekstrarkostnað á fjölnota íþróttahúsi.
 - b. Hönnunar- og framkvæmdaáætlun
 - c. verkefnarýni / áhættugreiningu
- Hönnun og framkvæmd. Hefur yfirumsjón með hönnun og framkvæmd á byggingu fjölnota íþróttahúss. Stuðst verður við framkvæmdaferla Reykjavíkurborgar með tilheyrandi upplýsingaskyldu og samráði við viðkomandi fagrað og borgarráð.
- Kostnaðargát. Ber ábyrgð á kostnaðargát verkefnisins í heild.

Starfstímabil:

Bygginganefnd starfi þangað til uppbyggingu fjölnota íþróttahúss er lokið.

Reykjavík, [Dags.]

Dagur B. Eggertsson